

LANDNÁM LAX OFAN LAMBAFOSS Í FLÓKADALSÁ

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi september 1995 VMST-V/95009X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá athugun sem gerð var á á vatnasvæði Flókadalsár ofan Lambafoss haustið 1995. Markmið rannsóknarinnar var að kanna afkomu sumaralinnna seiða sem sleppt hefur verið ofan fossins, auk þess hvort seiði úr náttúrulegu klaki kæmu fram ofan fossins og hvort fullorðinn lax fyndist ofan foss.

Fram til 1988 var Flókadalsá talin fiskgeng að Stekkjarfossi í Hrisagljúfrum. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að gera Stekkjarfoss fiskgengan og er talið að fossinn hafi orðið fær fiski árið 1988. Lambafoss er um 1,5 km ofar og var fiskvegur sprengdur í fossinn árið 1989. Ekki er vitað til þess að lax hafi gengið fiskveginn og talið að fiskvegurinn væri ófær laxi (Sigurður Már Einarsson 1992).

Á undanförunum árum hefur svæðið verið nýtt með sleppingum sumaralinnna laxaseiða og jafnframt hefur lifandi lax verið fluttur frá fiskgenga hluta Flóku upp fyrir Lambafoss til hrygningar. Svæðið er talið hafa góð skilyrði til uppeldis- og framleiðslu laxaseiða (Þórir Dan Jónsson 1983), sérstaklega í þveránni Engjadalsá. Flókadalsáin hefur hins vegar lítið verið athuguð í þessu sambandi.

Í vatnakerfinu eru tvo veiðifélög. Veiðifélag Flókadalsár sem nær um fiskgenga hluta Flókadalsár, upp að Lambafossi og enn fremur er sérstakt veiðifélag um efri hluta árinna ofan Lambafoss.

2. AÐFERÐIR.

Athugun fór fram á tegundaútbreiðslu, seiðamagni og seiðavexti á þrem stöðum ofan Lambafoss. Veitt var með rafveiðitæki í Flókadalsá um 200 m ofan ármóta við Engjadalsá (stöð 1) og um 500 m ofan Lambafoss (stöð 2). Þá var veitt í Engjadalsá um 1 km ofan við ármót við Flókadalsá (stöð 3). Á hverjum stað var veitt eina umferð á 200 - 300 fermetra botnflatarmáli. Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar, talin og lengdarmæld. Af hluta aflans á hverjum stað voru tekin sýni af kvörnum og hreistri til aldursákvæðana.

Á nokkrum stöðum í Flókadalsá var dregið á með ádráttarneti til að kanna hvort fullorðinn lax væri til staðar á þessu svæði. Þannig var dregið á við Drang, sem er um 2 km ofan ármóta Flóku við Engjadalsá og á þrem stöðum skammt ofan við Lambafoss.

3. NIÐURSTÖÐUR.

3.1. Seiðaathuganir.

Á veiðistöðum fundust tvær tegundir laxfiska, þ.e. laxaseiði og urriðaseiði (Tafla 1 og Tafla 2). Urriði var í mestu magni í Flókadalsá (ofan ármóta við Engjadalsá), en lax hafði yfirhöndina í Engjadalsá og á stöð í Flókadalsá neðan ármóta. Engin bleikja kom fram á veiðistöðum. Ljóst er að töluvert magn af staðbundnum urriða er ofan fossa.

Laxaseiði fundust á öllum veiðistöðum (Tafla 1). Í Flókadalsá ofan ármóta (stöð 1) fundust einungis laxaseiði á þriðja og fjórða ári. Aldursgreiningar á hreistri og kvörnum þessara seiða bentu til að þau væru upprunnin úr náttúrulegu klaki.

Í Flókadalsá neðan ármóta (stöð 2) fundust laxaseiði á öðru og fjórða ári. Þær athugunarir sem gerðar voru á hreistri og kvörnum seiða á þessari stöð sýndu að þessi seiði voru einnig upprunnin úr náttúrulegu klaki.

Í Engjadalsá var seiðabéttleikinn mestur af öllum veiðistöðum (Tafla 1). Öll seiði á fyrsta ári (0+) voru úr sleppingu sumaralinna seiða haustið 1995 og sást það vel á útliti seiðanna. Aldursmynstur annarra seiða sem athuganir voru gerðar á sýndu að stærstur hluti þeirra var upprunninn úr sleppingu sumaralinna seiða.

Seiðin voru almennt í góðum holdum og virtust þrífast vel á þessu svæði.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni umferð á 100 m²) á veiðistöðum ofan Lambafoss í Flókadalsá 11.09.1995.

Veiðistaður	Fjöldi/100 fm 0+	Fjöldi/100 fm 1+	Fjöldi/100 fm 2+	Fjöldi/100 fm 3+	Fjöldi/100 fm Samtals
1	-	-	3	2	5
2	-	1.3	-	2	3.3
3	6.9	18.3	0.6	1.1	26.9

TAFLA 2

Þéttleiki urriðaseiða (fjöldi í einni umferð á 100 fm) á veiðistöðum ofan Lambafoss í Flókadalsá 11.09.1995.

Veiðistaður	Fjöldi/100 fm 0+	Fjöldi/100 fm 1+	Fjöldi/100 fm 2+	Fjöldi/100 fm > 3+	Fjöldi/100 fm Samtals
1	8.7	4.3	0.7	0.3	14
2	1.7	0.3	-	-	2
3	-	2.3	0.6	2.3	5.2

3.2. Ádráttur.

Dregið var á Flókadalsá við Drang og í þrem hyljum skammt ofan við Lambafoss. Ekkert var vart við lax við Drang, en þrjár laxar veiddust í hyl skammt ofan Lambafoss. Vart varð við tvo aðra laxa sem ekki náðust. Hreistursýni voru tekin af öllum löxunum og kom í ljós að allir laxarnir voru af smálaxi (eitt ár í sjó) og voru að ganga í fyrsta sinn til hrygningar.

Ferskvatnsaldur laxanna (Tafla 3) sýndi að þeir höfðu dvalið 2 - 3 ár í ferskvatni fyrir sjógöngu og sýndu allir ummerki í hreistri sem bentu til að þeim hefði verið sleppt sem sumaröldum laxaseiðum í ána. Laxarnir voru allir hængur og allir legnir.

TAFLA 3.

Niðurstöður athugana á hreistursýnum af laxi ofan Lambafoss. 11.09.1995

Nr	Lengd sm	Kyn	Aldur	Athugasemdir
1	55	Hængur	2.1	Sleppiseiði
2	57	Hængur	3.1	Sleppiseiði
3	57	Hængur	2.1	Sleppiseiði

Ennfremur var Lambafoss skoðaður og sáust 2 - 3 laxar vera að stökkva í fossinum. Reyndur þeir allir við miðhluta fossins, en ekki sáust laxar í sprengda farveginum.

4. UMRÆÐUR.

Niðurstöður sýndu óyggjandi að lax er tekinn að ganga upp Lambafoss og nema þar land og er þetta í fyrsta sinn sem staðfest er að lax veiðist ofan fossins. Fossinn var áður talinn ófær (Sigurður Már Einarsson 1992), en greinilega hefur þar um rangt mat verið að ræða. Fossinn er þó án efa veruleg gönguhindrun fyrir lax og er líklegt að lagfæra þurfi farveginn.

Athuganir á laxaseiðum ofan fossins sýna að bæði fengust seiði úr sleppingum og náttúrulegu klaki. Lifandi lax hefur hins vegar verið fluttur upp fyrir foss, þótt ekki sé nákvæmlega vitað hve oft það hefur verið gert. Ekki er því öruggt að lax hafi áður gengið fossinn, þar sem klakið getur hafa komið úr flutningi laxa upp fyrir.

Fyrri athuganir sýna að svæðið fyrir ofan Lambafoss virðist vera gott uppeldissvæði fyrir laxaseiði (Þórir Dan Jónsson 1993), sérstaklega þó Engjadalsá. Þær athuganir sem gerðar voru nú í Flókadalsá benda til að aðaláin sé ennfremur gott svæði til ræktunar. Frá Lambafossi og ármótum er áin að vísu víða á klöpp sem rýrir svæðið nokkuð, en það batnar er ofar dregur. Þá var Flókadalsáin frá ármótum og upp að Drang mjög gott til seiðauppeldis. Hér er lögð áhersla á að svæðin verði skoðuð mun betur en gert hefur verið, því margt bendir til að það hafi verið verulega vanmetið sem uppeldissvæði. Ennfremur virðast hrygningaskilyrði vera víða að finna á þessu svæði.

Töluvert er um veiðistaði og á það sérstaklega við um svæðið frá Lambafossi og upp að ármótum við Engjadalsá. Þá er fallegur veiðistaður við Drang í Flókadalsánni. Þetta þarf þó að athuga mun betur en gert hefur verið.

Almennt séð er óhætt að fullyrða að það hefur mikið gildi fyrir vatnakerfið að lax er farinn að nema land ofan Lambafoss. Við vatnasvæðið bætast þar með stór hrygningar- og uppeldissvæði sem ættu að beta aukið seiðaframleiðslu verulega og jafnframt þarf ekki að kosta fjármunum til ræktunar því laxinn sér þá um ræktunina sjálfur. Mjög líklegt er að gildi svæðisins verði mest sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir lax, en síður sem veiðisvæði. Laxinn virðist þannig ganga seint fram á svæðið, en það getur hins vegar verið vegna gönguhindrana bæði við

Stekkjarfoss og Lambafoss. Ef laxinn tæki að ganga fyrir upp á efsta svæðið í verulegu magni, væri unnt að nýta svæðið til veiða og þyrfti þá að leggja veg upp fyrir Hrísa til að gera svæðið aðgengilegra.

Lögð er áhersla á að eftirfarandi rannsóknir verði gerðar:

- a) Hrygningar- og uppeldissvæði verði ítarlega skoðuð ofan Lambafoss.
- b) Fylgst verði með náttúrulegri seiðaframleiðslu ofan foss á næstu árum.
- c) Athugað verði hvort unnt sé að lagfæra farveg Lambafoss t.d. með fleygun.

Hvað ræktun varðar er mælt með því að ekki verði fluttur lifandi lax upp fyrir foss, þannig að unnt sé að staðreyna hvort lax hrygnir af eigin rammeik ofan foss. Þá er mælt með því að svæðið sé friðað fyrir veiði á meðan lax er að nema þar land. Þó er æskilegt að leyfa tilraunaveiði til að athuga hvort lax gangi á svæðið, en þeim laxi sem hugsanlega veiðist sé sleppt aftur. Mælt er með því að sleppingum sumaralinna seiða verði haldið áfram þar til laxinn fullnýtir sjálfur svæðið. Slíkar sleppingar draga laxinn fram á efra svæðið og ættu að geta hraðað landnámi laxins.

5. HEIMILDASKRÁ.

Sigurður Már Einarsson 1992. Athugun á fiskvegi í Lambafossi í Flókadalsá. VMST-V/92007X.

Veiðimálastofnun. Skýrsla 4 bls.

Þórir Dan Jónsson 1983. Fiskifræðilegar athuganir í Flóku 1981 og 1982. Veiðimálastofnun.

Vesturlandsdeild. Skýrsla 4 bls.